



**Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í hátíðarkvöldverði
í Narsarsuaq á Grænlandi
16. júlí 2000**

Yðar Hátign
Yðar Konunglega Tign
Formaður heimastjórnar Grænlands
Kæru grænlenku vinir
og aðrir hátíðargestir

Við höfum saman heiðrað mikla sögu, afrek í leit mannsins að nýjum löndum, nýrri sýn, nýrri visku.

Með endurreisn fornra minja hyllum við landnema sem reistu hér á Grænlandi nýja byggð, tóku kristna trú og færðu Evrópu fyrstir manna vitneskju um álfuna miklu Ameríku.

Sögur Íslendinga, skráðar á skinn af miklum meisturum orðsins listar, færa okkur frásagnir af lífi og örlögum þess góða fólks sem til Grænlands flutti, flest frá byggðunum við Breiðarfjörð og Faxaflóa á Íslandi, frásagnir af glímu þess við andstreymi og erfiðleika en líka af sigrum þess og afreksverkum.

Við Íslendingar höfum á þessu mikla hátíðarári, þegar í senn eru liðin þúsund ár frá kristnitöku á Þingvöllum og landafundum Leifs hins heppna, efnt til margvíslegrar samvinnu við frændur okkar og vini á Norðurlöndum, í Bandaríkjunum og í Kanada.

Þó rís hvað hæst í okkar huga samvinnan við vini okkar Grænlandinga um endurgerð á bústað Eiríks rauða og kirkjunni sem kennd er við Þjóðhildi konu hans.

Ég vil hér í kvöld færa heimastjórn Grænlands og Grænlandingum öllum einlægur þakkir Íslendinga fyrir þessa einstæðu samvinnu og fyrir

hið góða boð að fagna með ykkur þeirri sögu sem um aldur og ævi mun tengja okkur saman.

Það gladdi mig mjög að sjá á sýningunni góðu sem opnuð var í Washington í vor hve rækileg grein er þar gerð fyrir veigamiklu hlutverki Grænlands í hinni merku sögu um landafundi í vestri. Satt að segja höfum við Íslendingar löngum ásamt Norðmönnum verið ærið frekir til að eignarhalds á þessum fornum verkum. Það var tími kominn til að leggja þann kýting til hliðar og bjóða Grænlandinga velkomna í klúbbinn! Og það höfum við svo sannaralega gert þessa frábæru daga.

Ég færi heimastjórn Grænlands og grænlesku þjóðinni kærar þakkir mínar og Íslendinga allra fyrir framtak ykkar og forystu við að heiðra minningu merkra landkönnuða, fólksins sem fyrir þúsund árum tengdi Ísland og Grænland saman sterkum böndum.

Ég þakka Hennar Hátign, Margréti Drottningu og Hans Konunglegu Tign Henrik Prins fyrir frábæra gestrisni og góðar samverustundir. Hlýhugur og vinátta Hennar Hátignar í garð Íslendinga hefur ávallt verið okkur mikils virði.

Ég bið heiðraða gesti að rísa á fætur, lyfta glösum og hylla Hennar Hátign, Hans Konunglegu Tign, grænlesku þjóðina og það merka fólk sem fyrir þúsund árum gerði garð þennan frægan.